

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**898. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. febrúar 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

### **Fundarritari:**

Guðný Hrund Karlsdóttir.

### **Afgreiðslur:**

1. **160207 Sorpútboð. Málið áður tekið fyrir á 897. fundi byggðarráðs 16. febrúar sl.** Ína Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóri kemur inn á fundinn. Byggðarráð felur umhverfisstjóra að vinna málið áfram.
2. **1510049 Ársreikningur Félagsheimilisins á Hvammstanga 2015.** Lagt fram til kynningar.
3. **1512001 Kæra Skotvís.** Svar Húnaþings vestra unnið af Jóni Jónssyni lögfræðingi við svari Skotveiðifélagsins, lagt fram til kynningar.
4. **1602077 Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í leik- og grunnskólum landsins.** Lagt fram til kynningar.
5. **1509082 Bréf frá Hollvinasamtökum Efri-Núpskirkju þar sem byggðarráði er þakkaður fjárstuðningur á árinu 2016.** Lagt fram til kynningar.
6. **1602076 Bréf frá ungmennaráði.** Lagt fram bréf frá ungmennaráði þar sem óskað er eftir því að fá að nýta 120.000 kr. af því fjármagni sem ungmennaráð hefur til afnota skv. fjárhagsáætlun 2016 til að styrkja ungmenni sem eru að skipuleggja ball með Páli Óskari þann 19. mars nk. Byggðarráð samþykkir erindið.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. **Fundur í Innanríkisráðuneytinu.** Formaður byggðarráðs greindi frá fundi sem hún ásamt oddvita, sveitarstjóra og Ingimar Sigurðssyni sveitarstjórnarfulltrúa fór á með fulltrúum frá Innanríkisráðuneytinu þann 18. febrúar sl., þar sem rædd voru samgöngu- og löggæslumál í Húnaþingi vestra.
8. **1602035 útboð á ræstingu fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra** (áður á dagskrá 897. fundar). Byggðarráð hafnar tilboðinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:32

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

---

Elín R. Líndal

---

Guðný Hrund Karlsdóttir